

**LÖG**

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu  
atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.***LÖG**

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár Háskólans skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Missiraskipting, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð. Háskólaráði er heimilt að ákveða sérstaka missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*